

Fundur 8.1.2024 Al Bashír frá Súdan.

Komið þið sæl, heilsum við ykkur.

*Góða kvöldið, velkominn.*

Takk fyrir.

Er okkur upp á lagt að tala við sem flesta og finnst okkur það áhugavert og höfum ætíð reynt að magnast af sambandinu, þótt það sé ekki trú okkar samboðið, en margir af þeim sem hjálpa okkur eru, leggja þær skyldur á okkur að tengjast öðrum lifendum sem hafa ekki sömu skoðanir og við og höfum við þegið hjálp frá þeim lengi og erum sífellt að reyna að komast yfir á betri hlið hnattarins.

Og hef ég áður verið í þeirri stöðu að ferðast á milli hliða hnattarins og er það stórkostlegt og merkilegt að fylgjast með því, þegar okkar særðu liðsmenn fá orku frá stjórnudjúpinu og endurlífsgast og læknast eftir margskonar sár og meiðsli sem þeir hljóta í þessu lífi og verðum við því að brjóta lögmál þeirrar trúarbragða sem við aðhyllumst, til að öðlast orku.

Og taka þátt í forboðnum athöfnum, og hef ég margsinnis orðið vitni að því að stríðsmenn okkar hafi horfið sjónum okkar og birtst svo síðar á landamærum ljóss og skugga, og haft sögu að segja af því að þeir hafi líkamnast annars staðar á hnettinum.

Hefur það ekki gerst fyrir mig í þessu lífi á þessum hnetti, en á ég minningar um það frá fyrri framlífs hnöttum mínum og er ég sífellt að reyna að rifja það upp, hvað varð mér til hjálpar og gengur það misvel.

En ég gleymi aldrei minni frumlífs jörð á jörðinni gömlu og mínu hlutskipti þar og þörf minni til að hefna fyrir þær þjáningar sem ég leið þar og bæta félagslega stöðu mína og láta hvíta kynstofninn greiða fyrir glæpi sína og kristna menn.

Var ég þræll í frumlífi en varð ég svo þrælahaldari í framlífi eftir mörg lífskeið á hnöttum þar sem ekki voru árstíðir og eru enn og tókst mér að snúa við örlögum mínum um stundarsakir en hefur það farið í sama farið.

Og hafa leiðbeinendur okkar skyldað okkur til að tala við þá sem eru okkur ósammála og fá af þeim orku, Al Bashír heiti ég, ættaður frá Súdan, dó 1702 í Nassau í Bandaríkjunum í þrælaskipi.

Hef ég lifað margar tilverur þar sem ég hef reynt að komast upp úr þessari stöðu, og hefur það nokkrum sinnum tekist, en ekki með góðum árangri þar sem þarf að byrja upp á nýtt.

Eigum við að biðja fyrir óvinum okkar og verð ég að kveðja að sinni, en varð mér sagt að þið séuð á gömlu jörðinni og finnst mér það merkilegt, get ég ekki talað meira að sinni verið þið sæl.

*Ég vil óska þér alls hins besta og þakka þér fyrir, velkominn aftur.*

*Gangi þér vel.*

Ég þakka fyrir, verið þið sæl.

*Vona að þú náir þér upp úr þessu.*